

## Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 15. október var haldinn 123. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir og Kristján Freyr Halldórsson. Aheyrnarfulltrúar frá framsókn og fullvallarvinum Jóhanna Halldórsdóttir, fulltrúara ungmennaráðs Miðborgar og Hlíðar voru Elva Gestsdóttir og Eyja Bonthonneau Þá sat fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum var, undir lið 2. Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur umhverfis- og skipulagssviðs.

### Þetta gerðist

1. Fulltrúar frá ungmennaráði boðnir velkomnir.
2. Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur umhverfis- og skipulagssviðs kynnti lokaniðurstöður varðandi strætórein á Miklubraut.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Hlíða óskar eftir að upplýsingum um umferð á svæðinu frá Rauðarárstíg að Stakkahlíð. Óskað er eftir tölulegum gögnum um umferðarmagn, umferðarflæði og ökuhraða. Sömuleiðis um loftgæða- og hávaðamælingar. Óskað er eftir að fyrirbyggjandi upplýsingar verði kynntar á næsta fundi ráðsins.

Bókun fulltrúa Bjartrar framtíðar og Samfylkingar í Hverfisráði Hlíða:

Hverfisráð Hlíða leggur til við Umhverfis- og skipulagsráð að hugað verði að því við breytingar á Miklubraut frá Lönguhlíð að Rauðarárstíg með nýrri Strætórein verði unnið að því að hönnun götunnar verði með þeim hætti að hún taki á sig mynd borgargötu með fegurðargildi að leiðarljósi (e. Boulevard). Lagt er til að fram fari hönnunarsamkeppni um lausnir á betri hljóðvist, bættum loftgæðum og öðru tilheyrandi sem styðja við slíka götumynd. Samhliða slíkri breytingu verði aftur stefnt af því að leyfður hraði á Miklubraut frá Kringlumýrarbraut að Snorrabraut verði að hámarki 50 km/klst. Þannig er hægt að draga umtalsvert úr hávaða- og loftmengun sem er af hraðri umferð. Hverfisráð Hlíða leggur áherslu á að fyrirhugað deiliskipulag vegna nýrrar strætóreinar verði sérstaklega kynnt íbúum við Miklubraut. Hverfisráð Hlíða óskar sérstaklega eftir að tekið verði á vandamálum sem eru veruleg á kaflanum frá Lönguhlíð að Skaftahlíð. Þar hafa íbúar í árávis ýtt á aðgerðir til að tryggja öryggi sunnan megin og hljóðvíst beggja vegu á þeim kafla. Hverfisráðið skorar á umhverfis- og skipulagsráð að taka aftur til umfjöllunar fyrri hugmyndir um breikkun eyju við inngötu og lága hljóðveggi beggja vegu brautarinnar á þessum kafla. Hverfisráð Hlíða beinir því jafnframt til umhverfis- og skipulagsráðs að hraðað verði aðgerðum til að bæta hljóðvíst í Hlíðum í samræmi við fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun sem samþykkt var 2014. Áhrif af miklum umferðarhávaða eins og er í nágrenni við stórar stofngötur eins og Kringlumýrarbraut og Miklubraut eru þekkt og skerða lífsgæði íbúa verulega og takmarka möguleika þeirra til utanveru í gördum sínum og öðrum opnum svæðum nálægt þessum stofnbrautum. Bent er sérstaklega á að við Kringlumýrarbraut er pláss fyrir hljóðvarnir sem sárlega vantar að koma upp sem allra fyrst.

3. Ungmennaráði og hverfisráð kynntu hlutverk sín.
4. Íbúafundurinn – Farið var yfir ábendingar sem bárust frá íbúum eftir fundinn.

5. Tillaga um breytingu á hverfisráðum. Formanni falið að senda inn umsögn ráðsins.

Næsti fundur 12. nóvember kl.17.

**Fundi slitið kl. 19:30**

Margrét Norðdahl

Hilmar Sigurðsson  
Örn Þórðarson

Hrefna Guðmundsdóttir  
Kristján Freyr Halldórsson